

Aðalfundur FT

Haldinn 16. maí 2013, kl 17, Engjateigi 9. Sjá gestalista í fundargerðarbók yfir mætingu.

Formaður óskaði eftir fundarstjóra. Stungið var upp á Björgvini sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarstjóri stakk upp á Ólafi Kristinssyni sem fundaritari. Var það samþykkt. Dagskrá fundar er samkvæmt 9. gr laga FT:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning skoðunarmanna.
6. Ákvörðun félagsgjalda.
7. Önnur mál.

Björgvin staðfesti að löglega hafði verið boðað til aðalfundarins.

1. Skýrsla stjórnar

Birna, formaður fór yfir skýrslu stjórnar:

Skýrsla stjórnar

Kæru tölvunarfræðingar, velkomin á Aðalfund Félags tölvunarfræðinga 2013.

Félagatalið

Virkir félagar eru um 575 og hópmeðlimum á facebook hefur fjölgað úr 500 í 570 .

Okkar markmið er að tölvunarfræðingar viti af félaginu.

Við höfum lagt áherslu á að ná betra sambandi við háskólana og nemendafélögin Tvíund og Nörd. Erum farin að gefa bækur við útskrift tölvunarfræðinga og dreifum við sama tækifæri, kynningarmiða um FT sem og ST með leiðbeiningum um hvernig hægt sé að skrá sig og hafa samband.

Kjarakönnunin var send á „alla tölvunarfræðinga“ eða mun fleiri en skráðir eru í félagið (ca. 1200) . Þetta var gert bæði til að ná réttari mynd af kjörum stéttarinnar og líka til að fiska fleiri inni félagið. Þessi leið skilaði okkur nærri tvöföldun in svörum, auk leiðréttingu á netföngum (100?) félagsmanna

Í vetur héldum við fjórar kynningar í HR og HÍ á starfsemi félagsins „Hvað getum við gert fyrir þig“. Þar kynntum við líka þjónustu ST - Stéttarfélags Tölvunarfræðinga. Markmiðið er að þjóna stéttinni sæmilega og sjá til þess að nýliðun verði eðlileg í félaginu. Við viljum ekki að FT verði einsleit klíka, heldur endurspegli stéttina. Sér í lagi til að kjarakönnunin sé raunhæfur spegill á kjör stéttarinnar.

Stjórnin hyggst senda samantekt á helstu tölum kjarabítans á allan póstlistann, hvort sem viðkomandi hafa greitt félagsgjöldin eður ei og á alla þá sem fengu boð um að taka þátt í könnuninni.

Greiðandi félagsmenn fengju heildarkönnunina eins og áður.

Stjórnarfundir

Stjórnin kom saman til fundar 3 sinnum á árinu en gleymdi að halda Stjórnar dinner!

Viðburðir (4 (8) Samlokufundir, 2 (3) Vísindaferðir)

1.júní – Samlokufundur: **BigData** – Hákon Guðbjartsson frá deCODE genetics kemur og segir okkur frá því hvernig unnið er með upplýsingar úr genamengi mannsins. Einn maður er mörg bæt!

Júní – Útskrift HR – Félagið gaf bókagjöf til þess nemanda í grunnnámi tölvunarfrænnar sem skaraði framúr og

23.júní – Vísindaferð til Meniga. Meniga.is heimilisbókhalds vefurinn var valinn besti íslenski vefurinn 2010 og hlaut verðlaun fyrir bestu tæknilausnina á ráðstefnunni Finovate Europe 2011. Þarna eru spennandi hlutir í gangi og margir útrásarsprotar í gangi.

27.sept –Samlokufundur: **Innleiðing nýrra upplýsingakerfa.** Gunnar Óskarsson, aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, var með erindi um innleiðingu nýrra upplýsingakerfa.

1.nóv –**Vísindaferð til Mentor.** Áhugaverð sýn á setningu markmiða í skólakerfinu, og rafrænt námsefni. Glæsileg vara svo ekki sé meira sagt. Útrásin í fullum gangi. Svíþjóð, Bretland, Sviss, Þýskaland, Ítalía.

16.jan –Samlokufundur: **Kynning á ST – Stéttarfélagi Tölvunarfræðinga.** Þrúður G. Haraldsdóttir er mikill viskubrunnur þegar kemur að kjaramálum. Þjónusta ST felst m.a. í eftirfarandi:
- Yfirlestri ráðningarsamninga og undirbúningi launaviðtala ásamt ókeypis þjónustu lögfræðings ST.
- Kynntir verða þeir sjóðir ST sem vinnuveitendur greiða í fyrir félagsmenn og farið yfir helstu kosti þeirra svo sem sjúkrasjóðs og orlofssjóðs."

7.maí – Samlokufundur: **Mobilitus og heimsyfirráð.** Þórarinn Sveinsson (Tóti) og Helga Waage frá Mobilitus héldu afar forvitnilega kynningu á sínum verkefnum, en þau eru að ná heimsyfirráðum í mobile miðasöluþransanum.

16. maí 2012 – **Aðalfundur FT**

Vefurinn

Vefurinn er í steik! Við vorum með aldgamla útgáfu af Joomla og það var hakkað. Vefurinn verður endurskrifaður í Wordpress.

ToDo

Það sem helst stendur útaf af verkefnum stjórnarinnar er uppfærsla heimasíðunar og frekari tiltekt í félagalistanum ásamt að halda Gagna ráðstefna.

Kjarakönnunin

Kjarakönnun var gerð í febrúar/mars og verða helstu niðurstöður kynntar að loknum aðalfundi.

Samningur við Endurmenntun Háskóla Íslands

Endurmenntun Háskóla Íslands vildi gera samning við FT. Tillagan er að FT geti bent endurmenntun á hvað væri áhugavert ásamt því að félagar í FT fái afslætti á námskeið endurmenntunar.

2. Reikningsyfirlit

Steingrímur fór yfir reikninga félagsins:

Rekstrarreikningur		Efnahagsreikningur	
1. apríl 2012 - 31. mars 2013		31. mars 2013	
Tekjur		Eignir	
Félagsgjöld 2013-2014	0	Aðalreikningur (401510)	73.757
Félagsgjöld 2012-2013	288.000	Félagsgjöld (408086)	74.246
Ráðstefna aðgangseyrir	0	Sparireikningur (400990)	566.950
Vextir	90.992	Verðbréfareikningur (105106)	1.987.773
Samtals tekjur	378.992	Sparireikningur (601680)	200.850
		Samtals eignir	2.903.576
Gjöld		Skuldir og eigið fé	
Aðalfundur 2012	71.308	Skuldir	7.850
Almennir félagsfundir	101.236	Eigið fé	2.895.726
Bankakostnaður	88.437	Skuldir og eigið fé samtals	2.903.576
Kjarakönnun 2012	299.806		
Internet og samskipti	19.217	Höfuðstóll	
Skattar	18.197	Höfuðstóll 31.3.2012	3.140.604
Almennur rekstur	7.850	Hagnaður (tap) ársins	-244.878
Gjafir	17.819	Höfuðstóll 31.3.2013	2.895.726
Samtals gjöld	623.870		
Afkoma ársins	-244.878		

Ábending kom um að með því að senda félagsgjöld út 1. apríl þá er verið að taka ákvörðun fyrir næstu stjórn um upphæð félagsgjalda. Betra væri að senda út greiðsluseðla fyrr, t.d. 1. feb og svo næst um haustið, t.d. nóv eða september. Þ.e. að félagsgjöld lendi á sama reikningsári.

3. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar.

4. Kosning stjórnar og varamanna

Fráfarandi stjórn

Birna Guðmundsdóttir – formaður

Ólafur Kristinsson – ritari

Steingrímur Jónsson – gjaldkeri

Auður Ösp Jónsdóttir - menntari

Monica Roismann

Varamenn:

Gunnar Hall,

Helgi Már Erlingsson

Kjósa skal formann sérstaklega

Stungið var upp á *Birnu Guðmundsdóttur*. Engin mótframboð bárust. Það samþykkt af fundinum.

Kosning í stjórn

Fráfarandi stjórn bauð sig fram í stjórn. Engin mótframboð bárust. Samþykkt af fundinum

Kosning á varamönnum í stjórn

Stungið var upp á fráfarandi varamönnum í stjórn. Þar sem Helgi Már var ekki á staðnum og hafði ekki gefið upp hvort hann hafði áhuga á að sitja áfram sem varamaður þá bauð Einar sig fram sem varamaður í stjórn félagsins. Fundurinn samþykkti eftirfarandi varamenn:

Gunnar Hall

Einar Indriðason

5. Kosning skoðunarmanna

Stungið upp á sömu skoðunarmönnum og áður, *Kjartan R. Guðmundsson* og *Ívar Gunnarsson*. Það samþykkt af fundinum.

6. Ákvörðun félagsgjalda

Tillaga um 3000 kr, óbreytt. Tillaga um 5000 kr. Tillaga um 2990 kr. Tillaga um 4000 kr. Tillaga um 0 kr.

Kosið um 0 kr. – 8 atkvæði.

Kosið um 5000 kr – 2 atkvæði

Kosið um 4000 kr – 3 atkvæði

Kosið um 2990 kr – 4 atkvæði

Kosið um 3000 kr – 11 atkvæði

Félagsgjaldið er því 3000 kr.

7. Önnur mál

Stéttarfélagið

Einar Indriðason benti á að ST væri að sækjast eftir tölvunarfræðingum sem vinna hjá Ríkinu í stéttarfélagið. Nokkur umræða kom um ST. Jafnframt kom ábending um að FT myndi senda póst til að kynna ST.

Einu sinni var samkeppni um merki félagsins. Það var svart og hvítt. Af hverju er það ekki lengur?

Ólafur Tr. Þorsteinsson, fyrrverandi formaður FT kom með skýringu. Það voru settar fram fullt af tillögum með mismunandi litum, engin viðbrögð komu við þeim hugmyndum. Það var því tekin ein hugmyndin í notkun og ekki komu neinar athugasemdir eftir það.

Kjarakönnun

Spurning kom frá Stefáni um kjarakönnun, hvort það hafði verið leitað til einhvers annars aðila. Ólafur Kristinsson svaraði því til að ekki hefði verið leitað til annara

aðila nú í ár en Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur séð um að framkvæma kjarakönnunina. Ekki er vilji hjá félaginu að framkvæma könnunina sjálf þar sem það myndi rýra trúverðuleika á niðurstöðum. Hinsvegar má skoða hvort önnur fyrirtæki en Féló geti gefið okkur betra verð.

Talað var um að ekki væri skýrt hvort að heildarlaun feli um sér barneignaleyfi.

Skýrt hvort að það muni einungis vera útráttur úr kjarakönnun, nægilega áhugavert til að fólki langi í meira. Formaður sagði að það væri hugmyndin.

Spurning kom um hvað við viljum út úr samstarf við Endurmenntun, t.d. hvaða fyrirlestrar.

Eitthvað sem þarf ekki hálsbindi og jakka. Bjarne Strousstroup. Asnalegir gagnagrunnar.

Jafnframt barst samtalið um annað sem FT gæti gert, t.d. hugmyndir að samlokufundum eða vísindaferðum. Komu tillögur um að hafa samlokufund t.d. functional programming og athuga hvort að Guðjón í OZ væri til að bjóða í vísindaferð.

Skemmtilegt að taka áhættu með peninginn, t.d. með því að halda ráðstefnu.

Umræða skapaðist að félagið hefði ágætis pening um að ráða og gæti veðjað „miklu“ t.d. með því að halda ráðstefnu eða einhverja viðburði. Jafnframt var talað um að skynsamilegt væri að hafa ekki of djúpan sjóð en nógu djúpan sjóð til að geta tekið sénsa. Stjórnaraðilar töluðu um að hugmynd væri að hafa ráðstefnu og stefnt væri á afmælisráðstefnu á næsta ári.

Í framhaldi af þessari umræðu var bent á að stjórninni er heimilt að stofna til annara nefnda. Kjartan var settur í Ráðstefnunefnd.

Hvað með nördakvöld? Árni stakk upp á því að við myndum halda slíkt aftur.

Sett á verkefnalista stjórnar að skoða málið.

Spurt var um hvort menntanefnd væri starfrækt.

Björgvin talaði lítillega um menntanefnd og sagði m.a. frá því að hún væri starfandi.

Fundi slitið kl 19.